

Danska

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- geti fylgt atburðarás í styttri frásögnum sem tengjast orðaforða þeirra efnisflokka sem unnið er með
- geti hlustað eftir ákveðnum upplýsingum í samtali eða frásögn
- geti lesið sér til gagns mismunandi texta tengjast efni sem fengist er við
- geti tjáð sig um tilfinningar, óskir, þarfir og athafnir daglegs lífs með viðeigandi orðalagi
- geti beðið um upplýsingar, t.d. í verzlunum og á veitingastöðum
- geti verið með stutta kynningu eða fyrirlestur fyrir framan hóp
- geti skrifað lengri texta, t.d. ritgerðir, endursagnir og sögur
- læri ýmis atriði málfræðinnar, t.d. óreglulegar sagnir
- geti notað málfræðireglur sem þeir hafa lært við ritun texta

Námsefni

Ekko lesbók, tvær verkefnabækur, hlustunar- og talæfingar

Frekara efni frá kennara

Kennsluform

Unnið verður með fjóra námsþætti tungumála, lestur, hlustun, ritun og talað mál. Áhersla verður á talað mál og þar af leiðandi hlustun þar sem hún er undanfari talaða málsins. Nemendur vinna orðaforða- og lesskilningsverkefni út frá textum sem þeir lesa. Reynt verður að efla orðaforða nemenda markvisst með ýmsum leiðum. Farið verður yfir ákveðin málfræðiatrði til að undirbúa nemendur fyrir frekara tungumálanám.

Námsmat

Í dönsku er gefin skólaeinkunn og prófseinkunn að hausti og vori.

- ástundun 15%
- vinnubrögð og vinnubækur 15%
- kannanir, munnlegt próf og verkefni 70%

Enska

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- þjálfri framburð með hlustun og tali
- rifji upp undirstöðuatriði enskrar málfræði og nýjum atriðum bætt við
- auki orðaforða með lestri og hlustun
- þjálfist í stafsetningu og ritun
- geti skrifað texta í mismunandi tilgangi

Námsefni

New Matrix Intermediate Student's book/Workbook

Greinar úr dagblöðum

Efni af vef

Smásögur

Kennsluform

Nemendur vinna verkefni í textabók og verkefnabók heima eða í tímum.

Tal- og hlustunarverkefni unnin í tímum. Ritun þjálfuð í tímum og sem heimavinna.

Enska verði notuð eins og kostur er sem samskiptamál í tímum.

Námsmat

Í ensku er gefin skólaeinkunn og prófseinkunn að hausti og vori.

að hausti

- kannanir 35%
- ritun 15%
- ástundun og virkni 35%
- vinnubók og vinnubrögð 15%

að vori

- kannanir 30%
- ritun 10%
- kynning 15%
- ástundun og virkni 35%
- vinnubók og vinnubrögð 10%

Hönnun og smíði

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- sýni handverki virðingu og meti það að verðleikum
- efli sjálfsmynd sína og frumkvæði í skapandi starfi sem virkir þátttakendur.
- geti sett fram og mótað eigin hugmyndir.
- geti beitt helstu handverkfærum sem nota má við gerð smíðisgripa
- geti notað einföld rafmagnsverkfæri og umgengist þau á ábyrgan hátt
- séu ávallt meðvitaðir um þær hættur sem geta skapast við notkun tækja og tóla og nýti þann öryggisbúnað sem áskilinn er hverju sinni
- þekki helstu yfirflokka smíðaefnis, eiginleika og notagildi þess
- tileinki sér ávallt góðan frágang efna og áhalda að lokinni notkun
- þrói með sér hæfni til að vinna með öðrum
- átti sig a gildi verklegs náms fyrir tengsl skóla og atvinnulífs

Námsefni

Óformlegar samræður kennara og nemenda, blöð, teikningar, hugmyndir nemenda o.fl.

Kennsluform

Hópkennsla og einstaklingsaðstoð. Nemendur vinna bæði með málm og timbur, gerðir skartgripir og ýmsir nytjahlutir. Nemendur þurfa að teikna, málsetja og skrifa stutta lýsingu á hvaða verkfæri eru notuð og hvað var gert. Þessu skal skilað í möppu sem metin verður til einkunnar. Önnur verkefni eru valfrjáls í samráði við kennara. Haldið er áfram að byggja ofan á þekkingu og færni nemenda frá fyrri skólaárum og efla sjálfstæði þeirra við val og vinnslu verkefna.

Námsmat

Í smíðum er gefin skólaeinkunn í lok annar.

- ástundun, virkni, framkoma og afrakstur 80%
- mappa gildir 20%

Íslenska

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- þjálfist í lestri ólíkra texta frá ýmsum tímum
- þjálfist í að gera grein fyrir því sem hann hefur lesið og segja skoðun sína á því
- geti aflað sér heimilda um tiltekið viðfangsefni
- geti endursagt og/eða lesið upphátt sögur og ljóð með viðeigandi látbragði, tónfalli og áherslum
- tileinki sér skýran og áheyrilegan framburð og viðeigandi talhraða
- öðlist sjálfsöryggi í framsögn og framkomu
- tileinki sér viðeigandi framkomu þegar hlustað er t.d. á upplestur eða frásagnir annarra
- geti tekið saman aðalatriði þess sem hann hefur hlustað á (s.s. glósað eða endursagt)
- kannist við allar stafsetningarreglur og reglur um greinamerkjasetningu
- þjálfist í notkun orðabóka og annarra uppflettirita
- nái tökum á eðlilegri byggingu ritaðs máls og læri undirstöðuatriði heimildarritunar
- kynnist Íslendingasögum með því að lesa valda fornsögutexta og vinna ýmis verkefni í tengslum við lesturinn
- kynnist og geti útskýrt muninn á mismunandi bókmenntaformi og læri að tileinka sér ýmis hugtök í bókmenntum
- læri um hugtök tengd mismunandi formi og byggingu ljóða
- þjálfist í að nota málfræðileg hugtök
- þekki orðflokkana og einkenni þeirra
- þekki helstu hugtök í setningafræði
- læri um helstu hugtök orðmyndunar og orðhluta
- skoði merkingartengsl orða, s.s. yfirhugtak, undirhugtak, sértækt, víðtækt, hlutstætt, óhlutstætt o.fl.
- geti flett upp og nýtt sér málfræðilegar leiðbeiningar
- þekki ólíkan framburð og hljóðbreytingar íslensks máls
- geti útskýrt mun orðtaka og málshátta

Námsefni

Gullvör 3 (les- og vinnubók)

Hugfinnur, Skriffinnur og Málfinnur

Dís (skáldsaga og kvikmynd)

Gísla saga Súrssonar

Útlaginn

Korkusaga (Nornardómur)

Innrásin frá Mars

Fýkur yfir hæðir

Ritreglur og æfingar

Efni frá kennara

Kennsluform

Nemendur vinna hver á sínum hraða ýmist einir sér eða í hópum. Reynt verður að koma til móts við áhuga og þarfir nemenda við skipulagningu kennslu og yfirferð námsefnis. Áhersla verður lögð á að efla sjálfstæð vinnubrögð. Nemendur vinna bókmenntaverkefni á haustönn og heimildaritgerð á vorönn.

Námsmat

Í íslensku er gefin skólaeinkunn og prófseinkunn að hausti og vori.

að hausti

- kannanir 40%
- bókmenntaritgerð 20%
- ástundun og virkni 10%
- vinnubók og vinnubrögð 20%
- stafsetning 10%

að vori

- kannanir 40%
- ritunarverkefni 20%
- heimavinna 10%
- virkni í kennslustundum 20%
- vinnubók 10%

Íþróttir

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- efli þol, styrk, kraft og liðleika
- skilji mikilvægi reglubundinnar líkamsræktar og finni til þess leiðir við sitt hæfi
- fái aukið sjálfstraust, viljastyrk og áræði
- fræðist um íþróttir, líkamsrækt og heilsuvernd
- fái stuðning við þroskaferli í öðrum námsgreinum
- fari eftir reglum og virði þær

Námefni

Útileikir, leikir, körfubolti, fitness, fótolti, stöðvar, cooper próf, píptest, liðleikapróf, sipp-próf, bandý, skólahreysti, handbolti, frjásar íþróttir, badminton, útihlaup.

Námsmat

- próf (cooper, píptest, langstökk án atr., kúluvarp, liðleiki og sipp) 50%
- mæting, virkni, áhugi og framkoma 25%
- gögn 25%

Lífsleikni

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- viti af hættum samfara neyslu ávana- og fíkniefna
- ræði um hvaða þættir geta haft áhrif á sjálfsmynd og sjálfstraust
- fjalli um þátt tilfinninga í samskiptum og læri að vege og meta hvenær samskipti og hegðun falla utan þess ramma sem lög og reglur setja
- læri að hlusta og taka þátt í samræðum um hin ýmsu málefni
- haldi reglulega bekkjarfundi

Námsefni

Forvarnarefni ýmis konar

Efni frá kennara

Olweusaráætlunin gegn einelti

Kennsluform

Umræður (bekkjarfundir), fyrirlestrar og verkefni, ýmist einstaklings- eða hópvinna.

Námsmat

Í lífsleikni er gefin skólaeinkunn að hausti og vori.

- Virkni og þátttaka í umræðum 100%

Náttúrufræði (líffræði)

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

Lífvisindi

- kynnist helstu hugtökum erfðafræðinnar, s.s. litningum, genum og DNA
- þekki einföld dæmi um það hvernig eiginleikar erfast á milli kynslóða
- þekki grunnhugtök þróunarlíffræðinnar, s.s. náttúruval, hæfni, aðlögun og arfbundinn breytileika
- kynnist hugmyndum um uppruna og þróun lífsins
- skilji hvað stjórnar kynferði manna
- skilji að vistkerfi byggist á samspili lífvera innbyrðis og við lífvana umhverfi og geti skýrt mögulegar afleiðingar þess að fæðukeðjur raskist
- skilji mikilvægi þess að viðhalda fjölbreytileika tegunda og vistgerða
- geti fjallað um og tekið gagnrýna afstöðu til siðferðilegra þátta sem tengjast umhverfisvernd
- skilji hvað felst í hugtakinu sjálfbær þróun og mikilvægi þess fyrir samfélagið
- geri sér grein fyrir sjálfbærri nýtingu auðlinda
- skilji mikilvægi þess að umgangast hvers konar náttúruauðlindir, s.s. heilnæmt andrúmsloft, hreint neysluvatn og landgæði, á þann hátt að þær spillist ekki
- fjalli um hnattræn viðfangsefni, s.s. mengun í sjó, takmörkun loftslagsbreytinga og vernd ósonlagsins
- geri sér grein fyrir að maðurinn er hluti af náttúrunni og að lífsafkoma hans og framtíð byggist á því að hægt verði að búa áfram á jörðinni
- geti lýst hringrás efna og orku í náttúrunni

Námsefni

Erfðir og þróun

Maður og náttúra

Mannslíkaminn (valið efni)

Ítarefni frá kennara

Kennsluform

Útlistunarkennsla, verklegar æfingar, umræðu- og spurnaraðferðir, leitaraðferðir, og glósutækni.

Námsmat

Í líffræði er gefin skólaeinkunn að hausti og vori.

- ástundun 15%
- kannanir 55%
- vinnubók og verkefni 30%

Stærðfræði

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

Stærðfræði og tungumál

- lesi og skrifi háar og lágar tölur sem koma fyrir í texta, töflum og myndritum, ræðar tölur, mælitölur af ýmsu tagi og prósentur, lesi og skrifi um hækkun og lækkun, hlutfallslega breytingu og algengar óræðar tölur
- taki þátt í samstarfsverkefnum með bekkjarfélögum þar sem reynir á þessa færni og þátttöku hans í umræðum um lausnarleiðir og niðurstöður

Lausnir verkefna og þrauta

- kynnist því hvernig hægt er að leysa þraut með því að vinna sig til baka og nota form og gerð hugsanlegrar lausnar til að finna hver lausnin er
- glími við verkefni og þrautir þar sem lausnarleiðir eru ekki augljósar fyrir fram; þrautirnar geti verið með eða án talna, gestaþrautir jafnt og þrautir sem mæta fólki í daglegu lífi

Röksemdafærslur

- kynnist einföldum sönnunum þar sem röksemdafærslur skipta meginmáli, t.d. reglu um hornasummu í marghyrningi og geti beitt henni á einfalda marghyrninga, s.s. fimmhyrning

Tengsl við daglegt líf og önnur svið

- beiti stærðfræði í verkefnum sem snerta samskipti einstaklingsins við samfélagið, s.s. við afborganir af lánum sem breytast milli ára í hlutfalli við breytingu á lánskjaravísitölu

Tölur

- dragi ferningsrætur lágra ferningstalna með því að leysa þær upp í frumþætti
- einfaldi brotabrot
- breyti lotubundnum tugabrotum í almenn brot
- sjái að nálgast má óræðar tölur með lengri og lengri tugabrotum og að nákvæmnin eykst eftir því sem tugabrotið er lengra

Reikniaðgerðir, reiknikunnátta og mat

- öðlist góða tilfinningu fyrir tölum og stærðum og áhrifum reikniaðgerða á þær þannig að hann geti lagt mat á útkomu
- reikni algengan reikning með tölum á staðalformi
- kunni skil á samlagningarandhverfum og margföldunarandhverfum, notfæri sér að deiling með tölu jafngildir margföldun með margföldunarandhverfu hennar og ræði hvers vegna talan 0 á sér ekki margföldunarandhverfu
- nái leikni í að reikna samsett dæmi af ýmsu tagi þar sem reikniaðgerðum er blandað saman við veldi og sviga
- nái góðum tókum á öllum aðgerðum á reiknivél sem nota þarf í verkefnum námsefnis í grunnskóla, þ.m.t. ferningsrót, veldi, pí og minnistakka
- noti tugveldi til að meta stærðarþrep útkomu

Hlutföll og prósentur

- fáist við hlutföll við samanburð á stærðum og geti notað þau í útreikningum
- vinni áfram með hlutföll og mælikvarða á teikningum

- kynnist hlutföllum milli rúmmynda í einni, tveimur og þremur víddum, t.d. hlutföllum milli brúnalengda tveggja teninga, hlutföllum flatarmáls hliðarflata og hlutföllum rúmmáls þeirra
- náí góðum tókum á prósentureikningi sem algengur er í þjóðfélaginu og kynnist því að hækkun stærðar um ákveðna prósentu og síðan lækkun um sömu prósentu gefur ekki upphaflegu stærðina
- fáist við prósentureikning sem tengist raðgreiðslum, launaútreikningum og afskriftum og beri saman afborgunarverð og staðgreiðsluverð
- náí tókum á vaxtareikningi og öðrum verslunarreikningi

Mynstur og algebra

- setji fram reglur um samband milli stærða með töflum, gröfum, formúlum og jöfnum og sýni góða innsýn í sambandið milli þessara mismunandi framsetningarháttá
- náí fullkomnu valdi á lausn fyrsta stigs jöfnu með einni óþekktri stærð og geti beitt þeirri færni á öðrum sviðum stærðfræði, t.d. í rúmfræði og verslunarreikningi
- tileinki sér aðferðir til að leysa saman tvær fyrsta stigs jöfnur með tveimur óþekktum stærðum
- leysi einföld orðadæmi með því að setja upp slíkar jöfnur
- leysi einfaldar annars stigs jöfnur með þáttun
- margfaldi upp úr svigum og þátti fyrsta og annars stigs margliður
- noti veldareglur um heiltöluveldi í margvíslegu samhengi
- einfaldi margvíslegar táknaðsamstæður og geri skýran greinarmun á jöfnu og stæðu

Rúmfræði

- tileinki sér hugtökin strýta, kúla og keila, geti lýst þeim í mæltu máli og með teikningum og reiknað rúmmál þeirra
- vinni með einslögum flatarmynda og tengsl þeirra við hlutföll
- sýni góðan skilning á metrakerfinu hvað varðar mælingu flatar- og rúmmynda
- sýni góðan skilning á hugtakinu rúmmál, kunni reglur um helstu rúmmálsreikninga og geti beitt þeim
- þekki samsvörun milli rúmmáls og mælieininga fyrir vökva og geti breytt þar á milli
- sýni skilning á hugtakinu yfirborðsmál og geti beitt reglum um útreikninga á yfirborðsmáli einfaldra rúmmynda
- lesi jöfnu beinnar línu, setji hana fram í hnitakerfi og kunni að lesa úr jöfnunni hallatölu og skurðpunkt við y-ás
- sýni þekkingu bæði á rúmfræðilegri og algebrulegri túlkun á hallatölu línu
- kynnist ferli annars stigs falls, þ.e. fleygboga
- fáist við stækkanir og smækkanir og tengsl við einslögum og hlutfallsmælikvarða
- nýti sér regluna um hornasummu þríhyrnings til að leiða út almenna formúlu fyrir hornasummu og hornastærð reglulegs marghyrnings
- kynnist sönnun á reglu Pýþagórasar, útskýri hana og beiti henni á réttthyrnda þríhyrninga

Tölfræði og líkindafræði

- sýni þekkingu og skilning á hugtökunum tíðni, hlutfallstíðni, tíðnidreifing, meðaltal, vegið meðaltal, úrtak, tíðasta gildi og miðgildi
- sýni þekkingu á mun á fræðilegum líkum, líkum sem leiddar eru af tilraunum og huglægu mati á líkum án tilrauna
- reikni líkur í einföldum tilvikum þar sem einungis endanlega margar útkomur koma til greina

Námsefni

8 – 10 stærðfræði

Efni frá kennara

Kennsluform

Byrjað verður á að fara í gamalt efni tilupprifjunar á sem flestum grunnþáttum stærðfræðinnar. Innlögn, þegar þurfa þykir. Kennari veitir einstaklingsbundna aðstoð við lausn á dæmum og verkefnum. Útskýringar og dæmi á töflu.

Námsmat

Í stærðfræði er gefin skólaeinkunn og prófseinkunn að hausti og vori.

- kannanir 40%
- vinnubók 10%
- ástundun 15%
- önnur verkefni 15%
- heimadæmi 20%

Sund

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- náí nauðsynlegri sundfærni skv. aðalnámskrá (10. stig)
- auki þol, styrk, kraft og tækni
- kynnist ýmsum möguleikum til sundíþróttá
- Þjálfist í að bjarga jafningja á sunði og troða marvaða

Námsefni

Hjálpargögn: plötur, boltar, hringir, flothringir o.fl.

Kennsluform

Fyrirlestrar kennara, sýni- og munnleg kennsla. Endurtekningaraðferðin. Leikir og þrautir.

Námsmat

Í sunði er gefin skólaeinkunn að hausti og vori og prófseinkunn að vori.

- Mæting, virkni og viðhorf til viðfangsefna.

10. sundstig (lokið/ólókið)

- 600m frjálsum aðferðum; tímalágmark er 20 mínútur
- tímataka; 100m bringusund, 50m skriðsund, 50m baksund, 25m flugsund; nemendur velja 2 atriði af 4; (tímalágmark)
- sundstíll metinn í eftirfarandi sundferðum;
- 50m bringusund
- 12m kafasund
- björgun jafningja á sunði, björgunarvegalengd er 25m. Fyrir björgun skal nemandi troða marvaða í 30 sek

Tölvur

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- tileinki sér jákvæða afstöðu til tölvunotkunar
- læri að umgangast tölvurnar sem sjálfsagt verkfæri
- kynnist tölvunni sem tæki til náms og annarrar vinnu
- geti geymt upplýsingar með skiplögðum hætti
- geti beitt þeim leitaraðferðum sem algengustu tölvukerfi bjóða upp á
- geri sér grein fyrir mikilvægi tölvutækninnar í viðhaldi eigin menntunar
- geta valið og notað viðeigandi tölvubúnað til að koma upplýsingum á framfæri
- beiti réttri fingrasetningu við innslátt og hafi náð töluverðum hraða
- kunni að nota töflureikni til ýmiskonar útreikninga
- geti notað upplýsingatækni til að flytja fyrirlestur

Námsefni

Ritvinnsluforrit, töflureiknir og margmiðlun

Ýmis kennsluforrit

Kennsluforrit í vélritun

Kennsluform

Kennslan fer fram í tölvustofunni, þar sem nemendur vinna verkefni sjálfstætt.

Námsmat

Í tölvum er gefin skólaeinkunn að hausti og vori.

- vinnubrögð, vinnusemi, frumkvæði og framkoma 60%
- verkefni 40%

Þjóðfélagsfræði

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- öðlist skilning á hvernig einstaklingar mótast.
- vakni til umhugsunar um stöðu sína sem einstaklingar í samfélagi við aðra, hvaða ábyrgð og skyldur þeir hafa og geri sér grein fyrir þeim tækifærum sem eru fyrir hendi í þjóðfélaginu.
- öðlist skilning á stjórnkerfi samfélagsins og velti fyrir sér lögum og reglum sem gilda í þjóðfélaginu.
- velti upp spurningum um kosti og galla þess að búa á Íslandi og skoði samleið Íslands með öðrum þjóðum nú og fyrr.

Námsefni

Kennslubók í Þjóðfélagsfræði og ef til vill annað efni frá kennara.

Kennsluform

Nemendur lesi fyrirsett námsefni heima. Verkefnavinna og umræður fara fram í tímum.

Námsmat

Í þjóðfélagsfræði er gefin skólaeinkunn að hausti og vori.

- ástundun 15%
- vinnubók 15%
- heimavinna 15%
- verkefni 15%
- kannanir 40%